

221. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 22. febrúar 2007 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Helga Guðmundsdóttir, varamaður, HG
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerð bæjarráðs nr. 417, dags. 15.02.2007.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 417, dags. 15.2.2007.

1. Fundargerðir nefnda.

Liður 1.5. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 13.2.2007.

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 13. febrúar 2007 framlögð.

Liður 1 deiliskipulagstillaga við Borg í Stykkishólmsbæ. Tillaga var í auglýsingu til og með 8. janúar s.l. Nefndin leggur til að ekki verði byggingarréttur fyrir bílskúr á lóðum. Hinsvegar möguleiki á innbyggðum bílskúrum við báðar lóðir.

Allir á móti tillögu skipulags- og byggingarnefndar.

Undirrituð eru með tillögu að reitur A haldi sér og reitur B falli út.

Lárus Á. Hannesson
Davíð Sveinsson
Helga Guðmundsdóttir

Fjórir eru á móti þessari tillögu og þrír með.

Undirrituð leggja til deiliskipulagstillöguna eins og hún var auglýst að viðbætti þeirri kvöð að innkeyrslur skuli verða hornréttar að götu.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir
Erla Friðriksdóttir
Ólafur Guðmundsson

Fjórir samþykkir og þrír á móti þessari tillögu.

Undirritaður greiðir atkvæði með tillögunni, enda samþykkur henni í meginatriðum. Er þó þeirrar skoðunar að skipulagsmörk séu teygð óþarflega langt

norður með Maðkavíkinni og þar með komið í veg fyrir mögulegan byggingareit við Skúlagötu.

Gretar D. Pálsson

Til máls tóku: Allir tóku til máls.

Liður 2 Olíufélagið hf./Guðlaugur Pálsson sækir um að færa olíu- og díselanka á hafnarbryggju við Stykkið í Stykkishólmi samkvæmt bréfi og teikningum dags 19.12.2006. Umsögn hafnarnefndar lögð fram og erindi samþykkt ásamt umsögn hafnarnefndar að uppfylltum skilyrðum. Samþykkt samhljóða.

Liður 3 fyrirspurn frá Sævari Harðarsyni f.h. Skipavík um eftirfarandi breytingartillögur á deiliskipulagi af frístundabyggð við Arnarborg: A) Breytingar á vegakerfi svæðisins B) Breytingar á lóðarmörkum og byggingarreitir færðir til. C) Að heimilt verði að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits á hverri lóð í stað 100m² áður. Nefndin samþykkir breytingu á deiliskipulagi. Samþykkt að tillaga um breytingu á deiliskipulagi verði sett í auglýsingu. Davíð sat hjá vegna tengsla við Skipavík. **Til máls tóku: DS, ELB og GDP**

Liður 4 deiliskipulagstillaga lögð fram af íbúðabyggð við Móholt/Búðanesveg dags. 5.02.'07. Nefndin leggur til að það verði tvö einbýlishús við Hjallatanga í stað einbýlishúss og parhúss. Samþykkt samhljóða.

Liður 5 deiliskipulagstillaga lögð fram af atvinnuhúsnæði á hafnarsvæði við Nesveg dags. 2.02.07. Nefndin hefur endurskoðað deiliskipulagstillögu með tilliti til athugasemda samkvæmt bókun nefndarinnar frá 9. maí 2006. Lagt er til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt. Samþykkt samhljóða að deiliskipulagstillagan verði auglýst.

Liður 7 Orkuveita Reykjavíkur / Erla S. Gestsdóttir sækir um að byggja dæluhús við borholu í landi Ögurs ásamt lóðarafmörkun samkvæmt afstöðumynd og bréf dags 12.02.'07. Samþykki eigenda liggur ekki fyrir. Nefndin samþykkir með fyrirvara um samþykki landeigenda. Samþykkt samhljóða.

Liður 8 Skipavík óskar eftir byggingarleyfi fyrir Arnarborg nr. 1 samkv. teikningum dags. 23.01.07. Erindið samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla við Skipavík.

Liður 9 Skipavík óskar eftir byggingarleyfi fyrir Arnarborg nr. 5 samkvæmt teikningum frá Glámu Kím dags. 23.01.2007. Erindið samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla við Skipavík.

Liður 10 Hamraafli ehf./Simon Sturluson sækir um leyfi til að byggja skemmu að Hamraendum nr. 3 samkvæmt teikningum dags. febrúar 2007. Erindið samþykkt samhljóða.

Liður 11 Una Særún Karlsdóttir og Sigursveinn P. Hjaltalín Neskin 8 sækja um að endurnýja klæðningu, glugga og breyta glugga í svalahurð samkvæmt bréfi dags. 6.02.07. Erindið samþykkt samhljóða.

Liður 18.a. Nefndin telur að brýnt sé að gerðar verði viðeigandi endurbætur á Silfurgötu 9 og 9a vegna slyshættu frá þakklæðningu í slæmum

veðrum. Samþykkt samhljóða að senda eigendum viðkomandi eigna áskorun um að viðeigandi úrbætur verði gerðar áður en tjón og slys hljóttast af.

Til máls tóku: DS og GDP

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Liður 1.6. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 29.1.2007.

Bæjarstjórn þykir eftirsjá í Martin Markvoll sem hefur sagt upp störfum og verður hans sárt saknað. Fundargerðin samþykkt samhljóða. **Til máls tóku: ELB**

Liður 1.9. Umhverfisnefnd, dags. 29.1.2007.

Fundargerðin framlögð. Samþykkt samhljóða að varðveita tjörnina við gamla flugvöllinn og gerð göngustígs/reiðgötu meðfram Hömrum vísað til endurskoðunar aðalskipulags. Bæjarstjórn telur nauðsynlegt áður en lengra er haldið að fá frekari upplýsingar um hugmynd nefndarinnar á nánari útfærslu á starfi umhverfisfulltrúa. Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti. **Til máls tóku: LÁH og GDP**

Liður 3.1. Skipavík ehf. sækir um lóð við Borgarbraut, Reit A fyrir þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Umsókninni hafnað á grundvelli deiliskipulags þar sem lóðin er fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði skv. deiliskipulagi. Davíð sat hjá vegna tengsla við Skipavík.

Liður 6.1. Boðsbréf frá stjórn Kvenfélagsins Hringnum vegna móttöku í tilefni af 100 ára afmæli Kvenfélagsins laugardaginn 17. febrúar 2007.

Bæjarstjórn þakkar boðið. Eftirfarandi tillaga lögð fram.

“Bæjarráð samþykkir að færa kvenfélaginu Hringnum í Stykkishólmi 100.000,- (eittundrað þúsund krónur) að gjöf, sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf félagsins að samfélagsmálum síðastliðin 100 ár.

Gretar D. Pálsson (sign.)”

Samþykkt samhljóða.

Liður 6.2. Bréf Félags- og skólapijónustu Snæfellinga, dags. 29.1.2007 varðandi tillögu um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð. Samþykkt samhljóða. Til máls tók: EF

Liður 6.3. Bréf Golfklúbbsins Mostra, dags. 1.2.2007 varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda á húseign og ræktunarlandi golfklúbbsins við Aðalgötu 29. Samþykkt að veita Golfklúbbum Mostra styrk sem nemur fjárhæð fasteignagjalda.

Liður 6.4. Bréf Kvenfélagsins Hringnum, dags. 1. febrúar 2007 varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda á húseign félagsins við Aðalgötu.

Samþykkt að veita Kvenfélaginu Hringnum styrk sem nemur fjárhæð fasteignagjalda.

Liður 6.5. Bréf Eflingar Stykkishólms, dags. 4.2.2007 varðandi staðsetningu upplýsingamiðstöðvar ferðamála. Samþykkt samhljóða að upplýsingamiðstöð verði fundinn annar staður á komandi sumri.

Liður 6.6. Bréf Sigrúnar Þórsteinsdóttur, leikskólustjóra, dags. 5.2.2007 varðandi aukningu á undirbúningstíma leikskólakennara. Samþykkt að vinna kostnaðarmat á þessari aukningu. Erla gerði grein fyrir kostnaðarmati. Samþykkt að vísa málinu til bæjarráðs til umsagnar.

Til máls tóku: EF

Liður 6.7. Hjóðbúnaður verðkönnun. Samþykkt að málið verði skoðað áfram miðað við einfaldari útfærslur. **Til máls tóku: EF, LÁH og GDP**

Liður 6.8. Bréf Írisar H. Sigurbjörnsdóttur, dagsett í febrúar 2007 þar sem hún segir starfi sínu lausu. Bæjarstjórn þykir eftirsjá í Írisi og verður hennar sárt saknað.

Liður 6.9. Vinabæjarmót í Lappeenranta 8.-12. ágúst 2007.

Eftirtaldir verða fulltrúar Stykkishólmsbæjar á vinabæjarmóti í Lappeenranta Erla Friðriksdóttir, Gretar D. Pálsson, Ólafur Guðmundsson og Davíð Sveinsson.

Liður 7.1. Tillaga að breytingu á afslætti elli- og örorkulífeyrisþega vegna fasteignagjalda árið 2007.

“Fasteignaskattur árið 2007 verði felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem hafa tekjutryggingu a.m.k. að fjárhæð 50.000 kr. á mánuði, búa í eigin húsnæði og hafa lögheimili í Stykkishólmi. Þeir sem hafa tekjutryggingu allt að 50.000 kr. á mánuði fái 50% afslátt af fasteignaskatti.”

Samþykkt samhljóða. **Til máls tóku: EF og DS**

Liður 7.2. Tillaga varðandi frístundabyggð.

“Við undirrituð gerum það að tillögu okkar að skipulagt verði nýtt svæði undir frístundabyggð fyrir almenning í landi Stykkishólms og svæðið opnað til framkvæmda svo skjótt sem auðið er.

Greinargerð:

Um nokkurra ára skeið hefur verið eftirsókn eftir lóðum til bygginga á frístundahúsum í nágrenni Stykkishólms. Ekki hafa verið til úthlutunar lóðir fyrir áhugasama. Við teljum að Stykkishólmsbær eigi því að ganga fyrir skjöldu og skipuleggja og opna svæði í þessum tilgangi. Við teljum að ef af verður efli það atvinnu hér í bæjarfélaginu með aukningu á þjónustusölu og ekki síst geti þeir aðilar sem stundi byggingariðnað aukið sína veltu og möguleika. Það er því von okkar að tillögunni verði vel tekið til eflingar okkar ágæta bæjarfélags.

Lárus Ástmar Hannesson (sign.)

Berglind Axelsdóttir (sign.)

Davíð Sveinsson (sign.)”

Gretar bendir á að eftirspurn eftir frístundalóðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga hefur ekki verið mikil þar sem aðeins einn aðili hefur sótt um á síðasta ári og var því erindi vísað til endurskoðunar aðalskipulags og að auki hefur skipulags- og byggingarnefnd verið falið að kanna þörfina á endurskoðun á aðalskipulagi m.a. með íbúáþingi.

Samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar skipulags- og byggingarnefndar og þá til endurskoðunar aðalskipulags.

Til máls tóku: LÁH, DS og GDP

Liður 8.1. Tillaga vegna deiliskipulagstillögu af íbúðarhúsnæði við Tjarnarmýri.

“Bæjarráð samþykkir að setja deiliskipulagstillögu dags. 17.01.2006 af íbúðarhúsnæði við Tjarnarmýri í auglýsingu.

Greinagerð:

Tillagan hafði fengið mikla umfjöllun í skipulags- og byggingarnefnd og var að lokum mælt með samþykkt tillögunnar með breytingum í nefndinni þann 17. janúar 2006. Bæjarráð vísaði þann 2. febrúar 2006 afgreiðslu tillögunnar til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn hafnaði tillögunni þann 16. febrúar 2006.

Undirritaður telur ekki ástæðu til að hafna tillögunni án undangenginnar kynningar á fyrirhuguðu deiliskipulagi, þannig að sjónarmið íbúa fái að koma fram. Því er framangreind tillaga um auglýsingu deiliskipulagstillögunnar lögð fram.

Gretar D. Pálsson”

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:ELB, LÁH, DS, HG og GDP

Liður 8.2.Tillaga um stýrihóp um mótun Fjölskyldustefnu fyrir Stykkishólmsbæ.

Undirritaður leggur til að bæjarstjórn skipi á næsta fundi sínum 3ja manna stýrihóp sem hafi það hlutverk að móta og gera tillögu að Fjölskyldustefnu fyrir Stykkishólmsbæ. Nánar verði kveðið á um hlutverk hópsins og skil verkefnis í erindisbréfi.

Greinagerð:

Sveitarstjórnnum á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar án tillits til gerðar hennar.

Það er mikilvægt að Stykkishólmsbær hlúi að fjölskyldunni og skapi henni þroskavænleg skilyrði. Markmið með Fjölskyldustefnu er að efla fjölskyldur í nútímaþjóðfélagi. Fjölskyldan gegnir lykilhlutverki í þroskaferli einstaklingsins. Leggja þarf áherslu á að skapa einstaklingnum bestu möguleg skilyrði svo hann geti vaxið, þroskast og notið hæfileika sinna sjálfum sér og öðrum til góðs og samfélaginu til framfara.

Gretar D. Pálsson

Samþykkt samhljóða.

Tilnefning í stýrihóp um Fjölskyldustefnu fyrir Stykkishólmsbæ: Anna Melsteð, formaður, Ingi Ingason og Guðný Pálsdóttir.

Liður 8.3.Elisabet leggur til að fengið verði tilboð í endurbætur/endurgerð á heimasíðu Stykkishólmsbæjar ásamt möguleikum á vefrænni þjónustu.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:ELB

Liður 8.4. Bæjarstjóri lagði fram skýrslu vinnuhóps um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla sem kynnt var á kynningarfundum 14. febrúar.

Bæjarstjórn lýsir ánægju sinni með frábæra vinnu vinnuhópsins og færir öllum þeim sem að komu bestu þakkir. Jafnframt er lagt til að boðað verði til námsfagnaðar hjá vinnuhópnum.

Í beinu framhaldi af skýrslunni er samþykkt að fræðslunefnd og skólanefnd tónlistarskólans verði falið að hafa umsjón með vinnu að sameiginlegri skólustefnu.

Til máls tóku: ELB, DS, LÁH og GDP

Liður 8.7. Bæjarstjóri minnti á að Guðrún Erna Magnúsdóttir fulltrúi í safna- og menningarmálanefnd hefur ekki lengur kjörgengi. Tilnefningu fulltrúa í hennar stað vísað til bæjarstjórnar.

Nýr fulltrúi í safna- og menningarmálanefnd er Kristín Víðisdóttir.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: EF og GDP

2. Fundargerðir nefnda.

1.1. Atvinnumálanefnd, dags. 30.1.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

1.2. Fræðslunefnd, dags. 13.2.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

1.3. Hafnarstjórn, dags. 8.2.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

1.4. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 6.2.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt. **Til máls tóku: DS og GDP**

1.5. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 13.2.2007.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

1.6. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 29.1.2007.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

1.7. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra, dags. 14.2.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

1.8. Stýrihópur um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla, dags. 12.2.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

1.9. Umhverfisnefnd, dags. 29.1.2007.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

1.10. Vinnuhópur um málefni frístundabænda, dags. 30.1.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

1.11. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 12.2.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

- 3. Þriggja ára áætlun 2008-2010 fyrir Stykkishólmsbæ og undirfyrirtæki, seinni umræða.**
Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:48

Þór Örn Jónsson, bæjarritari